



## Fræðslu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd FUNDUR – 15. september 2003

Fundur haldinn í Fræðslu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd mánudaginn 15. september 2003 kl. 18,00 í Leikskólanum Barnabæ á Blönduósi.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Vetrarstarf leikskólans.
2. Erindi frá Félagi leiksólakennara.
3. Sumarlokun.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gaf Jóhönnu G. Jónasdóttur leikskólastjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna upplýsti að vetrarstarf væri allt að fara á fullt. 61 barn er í vistun núna. Yngstu börnin eru 16. mánaða. Vinna vetrarins verður með svipuðu sniði og áður. Sigríður Helga Sigurðardóttir hætti í skúringum og var í hennar stað ráðin Aðalbjörg Valdimarsdóttir frá 1. júlí 2003.
2. Erindi frá Félagi leikskólakennara. Formaður las bréf frá félaginu þar sem vakin er athygli á þeim kröfum sem gerðar eru til menntunar starfsmanna leikskóla, sbr. 12 grein laga um leikskóla.
3. Formaður gaf Jóhönnu orðið. Rætt var um sumarlokun leikskólans. Ákveðið var að endurskoða sumarlokun sem hefur verið með hefðbundnu sniði undan farin ár, skoðað yrði hvort hægt væri að hafa opið og kostir þess og gallar. Málið er í höndum leikskólastjóra.
4. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.45.

Gísli Guðmundsson  
Matthías Páll Imsland  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Margrét Einarsdóttir  
Halla Björg Bernósdóttir

Jakobína Halldórsdóttir  
Björn Albertsson  
Eva Hrund Pétursdóttir  
Árný Þ. Árnadóttir